

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, þriðjudaginn 17. maí, kl. 15:30 var haldinn 141. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Sigríður Jóhannsdóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Hildur Arna Gunnarsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á ÞLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram bréfaskipti er varðar lengingu á tónleikahaldi Secret Solstice liggja fyrir fundinum. Vísað er í tvær síðustu fundargerðir hverfisráðs um málið, 139. fundargerð, 4. apríl 4. lið og 140. fundargerð, 25. apríl 3. lið. Lagt fram bréf með fyrirspurn frá Íbúasamtökum Laugardals til hverfisráðs dags. 23. mars 2016, bréf Guðmundar Vignis Óskarssonar USK til hverfisráðs, dags. 11. maí, með ódags. rökstuðningi Solstice Production ehf og bréf frá framkvæmdastjóra ÞLH til USK dags. 11. maí. Einnig voru kynntar niðurstöður fundar fulltrúa USK með forsvarsmönnum Secret Solstice sem haldinn var 6. maí s.l.

Guðmundur Vignir Óskarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Laugardals áréttar jákvæða afstöðu sína til tónlistarhátíðarinnar. Hverfisráð hefur lagt áherslu á að hátíðin verði haldin í sátt við íbúa hverfisins og því veldur það vonbrigðum að lenging hátíðarinnar hafi ekki komið fyrir til umsagnar hjá hverfisráðinu. Hátíðin er haldin inn í miðju íbúðahverfi og því telur hverfisráð brýnt að samráð sé haft við íbúa og hverfisráð tímanlega. Í ljósi þessa telur hverfisráð nauðsynlegt að skipulag hátíðarinnar verði tilbúið í janúar - febrúar ár hvert. Hvað varðar lengingu hátíðarinnar í ár leggur hverfisráðið til að dagskrá fimmtudagsins verði haldin innandyrá.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við USK.

2. Fram fer kynning á stöðu verkefnisins Betri hverfi.
3. Lögð fram tillaga um að næstu fundir hverfisráðs verði 6. júní og 29. ágúst. Samþykkt.
4. Hverfishátíð 28. maí í Laugardal með þátttöku starfsstöðva borgarinnar. Sameiginleg hátíðahöld 80 ára afmæli Laugarnesskóla og Laugarnes á ljúfum nótum kynnt með fjölþættri dagskrá.

Lögð fram svohljóðandi bókun hverfisráðs:

Hverfisráð fagnar því óeigingjarna sjálfböðna starfi sem aðstandendur hátíðarinnar hafa lagt af mörkum til þess að gera hana jafn metnaðarfulla og til stendur.

5. Lögð fram drög að aðalskipulagsbreytingum fyrir Vogabyggð og deiliskipulag fyrir svæði 2.

Hverfisráð samþykkir að fela framkvæmdastjóra og formanni hverfisráðs, í samráði við USK, að skipuleggja opinberan íbúafund þar sem tillagan verður kynnt.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 1755 vîkur Sandra Berg Cepero af fundi.

Fundi slitið kl. 18:10

Heiðar Ingi Svansson (sign)

Sandra Berg Cepero
Elín Engilbertsdóttir (sign)

Sigríður Jóhannsdóttir (sign)